

**157. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í fjarfundi,  
28. maí 2020 og hófst hann kl. 16:00.**

**Fundinn sátu:**

Ragnar B. Sæmundsson formaður, Ólafur Adolfsson varaformaður, Gerður Jóhanna Jóhannsdóttir aðalmaður, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs og Hafdís Sigurþórsdóttir fulltrúi.

**Fundargerð ritaði:** Sigurður Páll Harðarson, sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs.

**Fyrir tekið:**

**1. 2004169 - Aðalskipulag- og deiliskipulag v. Skógarhverfis áf. 3A, og 3C, og Garðalundur - lýsing.**

Lýsing skipulagsins var auglýst til kynningar til 22. maí 2020.

*Frestur til að skila inn ábendingum/sjónarmiðum við skipulagslýsinguna rann út 22. maí 2020. Skipulags- og umhverfisráð hefur farið yfir þær ábendingar/sjónarmið sem bárust við lýsinguna.*

**2. 2005044 - Skógarhverfi 2. áf. - Baugalundur 22, umsókn um sólstofu.**

Umsókn um að koma fyrir sólskála á vegg á Baugalundi 22. Lagt er til að erindið verði grenndarkynnt skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til að grenndarkynnt verði fyrir Baugalundi 24 20, 14, 9 og Blómalundi 11 og 13.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17:00.**